

Um ómálefna- lega gagnrýni

Sigursteinn Músson svarar grein Andra Fannars Guðmundssonar og Kjartans Smára Höskuldssonar

ÞAD ER alltaf sérstakt þegar aðilar geysast fram á ritvöllinn til að snúa út úr því sem maður hefur sagt, sérstaklega þegar þeir virðast ekki hafa verið viðstaddir og lítt vita hvað sagt var. Andri Fannar Guðmundsson verk-efnastjóri og Kjartan Smári Höskuldsson ráðgjafi sjá ástæðu til þess í Morgunblaðinu í gær. Þeim sárnar greinilega mjög að ég hafi gert sálfræðiskor Háskólans að umtalsefni, reyndar með lagadeild og læknisfræði, vegna mikils andlegs álags á nýnema. Það hefst ekki gæfulega hjá þeim félögum því þeir byrja á að vitna innan gæsalappa í eina setningu úr fyrirlestri mínum á nýnemadegi Háskólans án þess að nokkurt tillit sé tekið til samhengisins. Síðan telja þeir að draga meg þá ályktun af henni og fjölmörgum fjöllum um hana að sálfræði og læknisfræði séu mikil ógn við geðheilsu

islenskra ungmenna. „Hér verður fjallað um hvort þessi gífurlyki eigi við rök að styðjast.“ Þeirra eigin ályktun sem algjörlega er slitin úr samhengi við fyrirlestur minn að öðru leyti, krufin af þeim sjálfum. Eru þetta góð vísindi?

Að bera saman epli og appelsínur

Þeir ýja að því að ég fari rangt með heimildir en í fyrirlesturinum vísaði ég í breska dagblaðið *The Guardian* 16. október 2003. Þar kemur fram það mat bresku geðlæknasamtakanna að 1 af hverjum 4 háskólanemum eigi við geðheilsuvanda að stríða í sam-
anburði við 1 af hverjum 5 af heildarfjöldanum. Þeir Andri og Kjartan virðast rugla þessu saman við opinberar tölur um heildarhlutfall þeirra sem eiga við geðraskanir að stríða einhvern tímann á lífsleiðinni. Það hlutfall sem bresku samtökin gefa upp varðandi háskólana er herra en almennt úti í samfélaginu, hvað sem líður skrytnum reiknikúntum. Það er síðan einfaldlega rangt að segja að ég hafi haldið

því fram að þessar tölur mætti yfirfæra á íslenska háskólanema því ég setti vissa fyrirvara við það. Enn er komið að tómunum kofanum hjá þeim Andra og Kjartani enda virðast þeir ekki hafa hlustað á fyrirlestur minn sem þeir þó telja sig umkomna að gagnrýna í Morgunblaðinu. Og svo bita þeir höfuðið af skömminni með því að kalla eftir málefnalegri og yfirvegaðri umræðu.

Ekki er allt sem sýnist

Hagsmunagæsla verkefnastjórnans og ráðgjafans í þágu óbreytts ástands í Háskóla Íslands nær hámarki þegar þeir byrja að telja upp allar þær ótal leiðir sem nemendum eru færar, allt frá nemandarátgjafa til rektors, ef þeir telja rétt sinn brotinn á einhvern hátt, án þess að átta sig á því að sjónarmiði mínu um skort á stuðningi deilir námsráðgjöf Háskólans með mér. Svo nefna þeir hin traustu gögn sem aldeilis eiga að gera málfutning minn að engu. Kennslukönnunin góða. Hún skal sanna að formaður Geðhjalpar fari



Sigursteinn Músson

Enginn háskóli útskrifar betri nemendur með hörku og hroka.

verður auðvitað ekki gert. Ég vildi líka að mér væri unnt að greina frá þeim samtölum sem ég hef átt við fjölda sálfræðinga sem hafa þakkað mér fyrir að vekja athygli á vöndri framkomu við nemendur í þessari deild Háskólans.

Málefnaleg gagnrýni

Og svo kemur hinn góðkunnir söngur um kröfurnar. Hjalið um að ef Háskóli Íslands vilji njóta virðingar í alþjóðlegu háskóla-samfélagi og á vinnumarkaði þurfi að setja markið hátt og gera ýtrustu kröfur til nemenda. Það er

auðvitað rétt að háskóli á að gera kröfur. En enginn háskóli útskrifar betri nemendur með hörku og hroka. Enginn læknir eða sálfræðingur getur sagt að hann sinni starfi sínu betur vegna þess að hann var undir þungbæru álagi í náminu eða vegna þess að lítið var gert úr honum. Þannig virkar þetta ekki. Við búum fólk undir mikla álagsvinnu með góðum stuðningi og með því að byggja upp sjálfstraust. Það þarf enga rannsókn til að átta sig á þessu. Gagnrýni mín í þessum fyrirlestri snerist um háskóla sem ekki hefur neina geðheilbrigðisáætlun eða stefnu og vanrækir námsmenn með geðraskanir. Ég var líka að gagnrýna framkomu við nýnema í tilteknum deildum og álag í námi sem kann að valda geðröskunum. Ef þeir Andri og Kjartan hefðu verið viðstaddir fyrirlesturinn hefðu þeir orðið vitni að því að almennt var tekið undir sjónarmið mín, ekki síst af hálfu námsráðgjafar og forseta læknadeildar. Hann sagðist einmitt hafa breytt fyrirkomulagi á inntöku nýnema í læknadeild fyrir þremur árum vegna þess að hann sá hve mannfjandsamlegt hið gamla kerfi var. Þetta er málefnaleg umræða sem þarf að fara fram og væri ráð að forráðamenn sálfræðideildar stigu fram fyrir skjöldu í stað þess að etja ráðgjöfum sínum á foraðið.

Höfundur er formaður Geðhjalpar.